

Kópavogi 4. Janúar 2018

Kristófer Tómasson
Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Erindi: Samstarf um þjónustu í Þjórsárdal

Rauðikambur ehf hyggst á næstu árum byggja upp metnaðarfulla baðaðstöðu, gistingu og veitingaþjónustu við Reykholt í Þjórsárdal. Sem stendur er nýtt deiliskipulag fyrir svæðið í ferli en ráðgert er að opna baðaðstöðu fyrir almenning og 40 herbergja hótél árið 2020.

Ljóst er að svo viðamikil uppbygging mun hafa umtalsverð áhrif í för með sér fyrir mannlíf og náttúru í Þjórsárdal en áætlað er að sextíu til áttatíu þúsund manns muni sækja staðinn heim árlega.

Vill undirritaður óska eftir samstarfi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp um stefnumótun og í framhaldi gerð aðgerðaráætlunar um hvernig náttúra Þjórsárdalsins, og heimamenn í Skeiða- og Gnúpverjahreppur geti með sem bestum hætti tekið á móti auknum fjölda ferðamanna svo vel megi fara fyrir alla hlutaðeigandi.

Grunnur að slíkri stefnumótun hefur verið lagður með Drögum að rammaskipulagi sem unnin voru að frumkvæði hreppsins árið 2013. Þar segir á bls. 7.

Helstu markmið með rammaskipulaginu eru að skilgreina fjölbreyttar göngu-, reið- og reiðhjólaleiðir og um leið að tengja þær svæðisbundnum menningarverðmætum.

- *Fjölga möguleikum íbúa og gesta til útivistar í sínu nærumhverfi.*
- *Gera fornar þjóðleiðir aðgengilegar sem göngu- og reiðleiðir og um leið að stuðla að varðveislu menningarminja.*
- *Að efla sóknarmöguleika og atvinnutækifæri ferðaþjónustu á svæðinu og þá einkum menningartengdrar ferðaþjónustu.*
- *Stuðla að því að ferðamenn dvelji lengur á svæðinu með því að bæta gistimöguleika.*
- *Draga úr álagi, vegna ferðamennsku, á viðkvæmum svæðum með því að bjóða upp á fjölbreytta útivistarmöguleika.*
- *Stuðla að bættum merkingum til að koma í veg fyrir utanvegaakstur.*
- *Vegir og slóðar að þjónustusvæðum og ferðamannastöðum verði vel merktir, greiðfærir og stikaðir, ef með þarf.*

Það er ósk forsvaraðila Rauðakambbs að eiga gott samstarf við Skeiða- og Gnúpverjahrepp um verndun og uppbyggingu þjónustu í Þjórsárdal og að ofangreind markmið skapi ramma um stefnumótun og aðgerðir sem ráðist verði í á næstu árum á svæðinu. Væri gerð samstarfssamnings milli aðila gott fyrsta skref á þeirri leið.

Með kveðju,
Magnús Orri Schram
Framkvæmdarstjóri Rauðakambbs.

Eftirmál:

Áhugavert væri að skoða áhuga fleiri aðila á að koma að verkefninu s.s. fulltrúa Afréttarfélags, Minjastofnunar, Landsvirkjunar, og Skógræktarinnar. Við þann lista má bæta Ferðafélagi Íslands en á þessu ári eru 90 ár frá útgáfu fyrstu árbókar Ferðafélagsins, en hún fjallar sérstaklega um ferðalög um Þjórsárdalnum. Þannig væri hægt að stefna að útgáfu nýrrar árbókar þegar ráðist hefur verið í aðgerðir sem byggja á ofangreindri stefnumörkun.